

Skaftárhreppur  
Klausturvegi  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 17.12.2024  
UST202401-286/F.T.  
08.14.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21.10.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Skaftárhrepps að Stjórnarsandi þann 12.8.2024. Þann 12.11.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Urðunarstaður hefur heimild til að taka við timbri til kurlunar og geymslu. Magn úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og magn timburs á athafnasvæði skal ekki fara yfir 30 t hverju sinni. Magn timburúrgangs á urðunarstað er töluvert umfram þá heimild sem kemur fram í starfsleyfi (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).

**Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að unnið sé að því að fjarlægja timburhauginn. Áætlað að magn timburúrgangs verði í samræmi við heimildina í lok apríl 2025. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en mun taka út framgang úrbóta í næsta eftirliti**

2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna ársins 2023 liggja ekki fyrir í samræmi við starfsleyfi vegna tölul. 2-4.

**Upplýsingar vantaði um magn og tegundir spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar. Rekstraraðili hefur sent stofnuninni móttökukvittanir frá Hringrás vegna spilliefna. Einnig vantaði niðurstöður eftirlitsmælinga á grunnvatni. Samkvæmt úrbótaáætlun voru mælingar gerðar í nóvember 2024 og verða stofnuninni sendar niðurstöður mælinga fyrir lok desember. Að lokum vantaði upplýsingar um mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim fyrir árið 2023. Í úrbótaáætlun kom fram að engin óhöpp hafi verið á árinu og skráninga ekki þörf. Umhverfisstofnun bendir á að ef ekki verði óhöpp, skal skrá þá niðurstöðu.**

3. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt eftirlitsmælingar árið 2023 vegna stöðu grunnvatns eftir mælingaráætlun sem lögð er fram í

starfsleyfi. Í úrbótaáætlun segir að mælingar hafi verið gerðar í nóvember 2024 og að niðurstöður verði sendar stofnuninni í lok desember. Stofnuninni hafa nú borist niðurstöður mælinga. Frávikinu telst lokið.

4. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Skila ber skýrslum til eftirlitsaðila með niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. **Vísast til svars rekstraraðila við fráviki nr. 2.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Í eftirliti 2023 voru þrjú frávik skráð. Frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfi er lokað. Hin tvö frávikin sem skráð voru 2023 voru aftur skráð í eftirliti 2024 (greinar 5.1 og 5.3). Umhverfisstofnun fellst á að loka frávikunum frá árinu 2023. Stofnunin fer fram á að framvegis verði skráningar og skil í samræmi við starfsleyfi. Stofnunin bendir þá sérstaklega á heimild sína til álagningar stjórnvaldssekta fyrir slík brot, sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur